

Ed.

171. Frumvarp til laga

[97. mál]

um breyting á lögum nr. 62 1939, um tollskrá o. fl.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

- 1.—5. tölul. 79. kafla 1. gr. laganna (Hljóðfæri og hljóðfærahlutar) skal orða svo:
1. Flygel og píanó tollfrjáls.
 2. Hlutar til flygela og píanóa tollfrjálsir.
 3. Orgel og harmoníum tollfrjáls.
 4. Hlutar til orgela og harmonía tollfrjálsir.
 5. Strengjahljóðfæri og hlutar til þeirra tollfrjáls.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í þessu frumvarpi er lagt til, að tölulíðirnir 1—5 í 79. kafla laga um tollskrá breytist á þá lund, að þau hljóðfæri, sem þar eru upp talin, en það eru píanó, flygel, orgel, harmonía og strengjahljóðfæri ásamt hlutum til þeirra, verði tollfrjáls.

Í lögnum um tollskrá er nú ákveðið, að greiða skuli vörumagnstoll of hljóðfærum og hljóðfærahlutum frá 7—120 aorum af kíló og auk þess 30—80% verðtoll. — Algengast er, að verðtollurinn sé 50% af hljóðfærum. — Þá er þess að geta, að á verðtollinn bætist svo 45% álag samkvæmt lögnum um gengisskráningu og fleira. Þessir háu tollar valda tilfínanlegri verðhækkun á hljóðfærum og torveldu mjög efnamínna fólki að eignast þau.

Eigi það að teljast æskilegt, að iðkun tónlistar verði virkur þáttur í íslensku menningarlífi og verðmæti tónlistar almenningsseign, sýnist svo sem slík óhófleg skattlagning hljóðfæra sé ekki aðeins ástæðulaus, heldur næsta óskynsamleg, og beri að hverfa frá henni sem tekjuöflun fyrir ríkissjóð.

Sú víðsýni ríkir þó í löggjöfínni, að erlendar bækur eru tollfrjálsar, og virðist flutningsinnanni sjálfsagt, að sama eigi að gílda um algengustu hljóðfæri.

Tónlistarskólar starfa nú í öllum helzlu kaupstöðum landsins, og ver ríkissjóður nokkru fé til styrktar þeirri kennslu. Virðist þá lítið samræmi í því að leggja jafnframt hömlur á, að fólk geti eignast nauðsynleg tæki til tónlistariðkana.

Samkvæmt seinustu verzlunarskýrslum, sem hagstofan hefur sent frá sér, þ. e. verzlunarskýrslunum fyrir árið 1947, voru það ár flutt inn 35 orgel og harmonía, 247 píanó og 3 flyglar fyrir 700000 krónur. Má af því sjá, að aldrei getur ríkissjóður auðgast að marki á þessum innflutningi og verður því heldur ekki fyrir neinum verulegum tekjumíssi, þó að tollur verði niður felldur af þeim hljóðfærum, sem frumvarpið tekur til.

Hins vegar er tollurinn nú ekki svo lítill hluti af verði hinna þyngri og dýrari hljóðfæra og getur því orðið til þess að gera efnalítlu fólki ókleift að ráða við kaupverð þeirra.

Hér er ekki um fánýtun óþarfavarning að ræða, heldur menningartæki, sem æskilegt er, að sé á fleiri manna færi að eignast en þeirra einna, sem hafa fullar hendur fjár. Þess vegna vil ég vænta þess, að málið fái góðar undirtektir á Alþingi.